

Reykjanesbær 7. maí 2012

Bt. Atvinnuveganefndar

*Athugasemdir vegna Rammaáætlunar um
vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál.*

Ég undirritaður geri alvarlegar athugasemdir við það að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun. Þarna er um að ræða náttúrusvæði í friðlýstum fólkvangi og vinsælt útvistarsvæði í nágrenni við mesta þéttbýlissvæði landsins. Auk þess er svæðið jarðfræðilega með algjöra sérstöðu í heiminum.

Að breyta slíku svæði í orkuvinnslusvæði með öllum þeim mannvirkjum sem fylgja er siðferðilega rangt. Einmitt nú eru náttúrusvæði í nálæð við þéttbýli hvað verðmætust þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt að ferðast um langan veg til að njóta ósnortinnar náttúru.

Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.

Þá eru miklar líkur á því að orkuvinnsla í Eldvörpum verði ósjálfbær.

Ef skýrsla Orkustofnunar (91053/JHD-31 B Desember 1991) er skoðuð sést að síðan nýting hófst og þar til þessi skýrsla er skrifuð hefur yfirborð í jarðhitageyminum lækkað um 204 metra. Talið er að dýpt geymisins sé um 1000 metrar. Þannig að á 15 árum hefur sjálfbærni þessa geymis verið rýrð um 20%. Vissulega hefur verið hafin niðurdæling til að sporna við þessari þróun en ljóst er samt að spár sýna að sjálfbærni er ekki viðhaldið með Svartsengi og eins og nýting er í dag. Skýrsla um sjálfbærni jarðhitans á Reykjanesi skrifuð í tengslum við Rammaáætlun 2. áfanga. staðfestir þetta.

Ég skora á Atvinnuveganefnd að fara vandlega yfir allar þær vel rökstuddu umsagnir sem bárust vegna Rammaáætlunar frá náttúruverndarfélagum, ferðaþjónustuaðilum, og fleirum vegna Reykjaneskagans. Að gera nánast allan skagann að einu samfelldu orkuvinnslusvæði er algjörlega óásættanlegt í mörgu tilliti.

Ellert Grétarsson,
Reykjanesbæ
Kt. 100165-3419.